



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 28. ágúst 2020

SFS2020060060

190. fundur

HG/img

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi framkvæmdir við Fífuborg

Á 185. fundi skóla- og frístundaráðs, 9. júní 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um fyrirhugaðar framkvæmdir á leikskólanum Fífuborg í Grafarvogi, nýlega var farið í miklar framkvæmdir og endurbætur á leikskólanum meðal annars til undirbúnings á nýrri ungbarnadeild. Fulltrúarnir vilja vita hvort að til standi að fækka plássum á leikskólanum með því að loka einni deild leikskólans og hætt sé við að opna ungbarnadeild? Ef þetta er gert vegna aðstöðuleysis starfsfólks hvers vegna er ekki byggt við þá aðstöðu sem starfsfólk hefur? Hafa framkvæmdir verið kostnaðarmetnar, þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru og borið saman við kostnað við það að byggja við núverandi starfsmannaaðstöðu?

Svar:

Vinnueftirlitið hefur gert athugasemdir við aðstöðu starfsfólks og verið er að bregðast við því. Með því að laga starfsmannaaðstöðu í Fífuborg minnkar deildarrými og því fækkar börnum í leikskólanum um þrjú börn.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um í hvaða leikskólum verður farið í framkvæmdir vegna ungbarnadeilda árið 2021 en í samræmi við samþykktir borgarráðs um að útbúa sérhæfða ungbarnadeild í öllum leikskólum sem eru fjögurra deilda eða stærri þá mun koma að Fífuborg í því verkefni á næstu misserum.

Enn er verið að skoða hvort tengibygging verður stækkuð til að auka rými í fataklefa en með því mætti um leið stækka deild sem er fyrirhuguð í því rými sem nú er kaffistofa. Fækkun barna verður þá ekki eins mikil.

Ef byggt er við Fífuborg skerðist útisvæði barnanna og er því viðbygging ekki fýsilegur kostur. Huga þarf að öllum rýmum barna þegar farið er í breytingar á húsnæðinu s.s. hvaða áhrif stækkun leikskóla hefur á fjölnota rými s.s. sal og listaaðstöðu.

Ekki er búið að kostnaðarmeta framkvæmdir í Fífuborg en gróft kostnaðarmat væri um 110-120 milljónir ef farið væri í viðbyggingu en um 50 milljónir ef aðeins væri farið í breytingar innanhúss.